

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 69/2025

2025/EES/38/27

frá 14. mars 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1855 frá 3. júlí 2024 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB að því er varðar sniðmát fyrir tjónasögufirlýsingu ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 8g (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1145) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„8h. **32024 R 1855:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1855 frá 3. júlí 2024 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB að því er varðar sniðmát fyrir tjónasögufirlýsingu (Stjtið. ESB L, 2024/1855, 4.7.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1855, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2025 frá 14. mars 2025 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1855, 4.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1855/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 2025/994, 12.6.2025 og EES-viðbætur nr. 38, 12.6.2007, bls. 40.